

Öryggi sjúklinga er á ábyrgð allra

Öryggi sjúklinga á skurðstofum

Atvik telst það ef greining, meðferð eða umönnun sjúklings á ábyrgð LSH fer úrskeiðis, eitthvað gerist sem skaðar sjúkling eða hefði getað skaðað hann. Ennfremur ef greining, meðferð eða umönnun sjúklings er í ósamræmi við faglega þekkingu, skráð fyrirmæli, verklagsreglur eða vinnuleiðbeiningar í viðkomandi tilviki. Skráning og úrvinnsla atvika er grunnur að umbóta- og gæðastarfi.

- Allir geta skráð atvik í atvikagrunn, einnig sá sem ekki á aðild að atvikinu.
- Nákvæm lýsing á atviki og aðdraganda er skráð.
- Nafn þess sem skráir þarf ekki að koma fram.

Eftirfarandi skal skrá:

Atvik tengd meðferð/rannsóknnum

- Við undirbúning eða framkvæmd.
- Rof á smitgátarvinnubrögðum eða smitgát.
- Ofnæmisviðbrögð/bruni af völdum sótthreinsiefna.
- Tannbrot.
- Rangur sjúklingur, röng eða engin merking, röng aðgerð.
- Enduraðgerð, metist og skráist af sérfræðilækni.

Atvik tengd meðferð sýna

- Sýni ranglega merkt, töf við flutning, sýni glatast.

Atvik tengd þjónustu/móttöku

- Undirbúningur sjúklings ófullnægjandi.
- Röng gögn í sjúkraskrá.
- Ófullnægjandi upplýsingar eða boðskipti milli starfsmanna.

Atvik tengd eignatjóni

- Verðmæti týnast, skemmast, stolið.

Atvik tengd ofbeldi/átökum

- Vegna sjúklings.

Óvænt andlát

- Metist og skráist af sérfræðilækni.

Atvik tengd tækjabúnaði/verkfærum

- Bilun, röng notkun eða skaði.
- Ekki hægt að framkvæma aðgerð eða töf vegna bilunar, tæki eða verkfæri ekki til staðar.

Atvik tengd nálum/leggjum

- Blæðing, stífla, leggur eða kerí dregst út.
- Leggur eða kerí ekki inni.
- Óvart lokað fyrir kera eða gleymist að tengja.

Atvik tengd umhverfi/aðstæðum

- Fall/bylta.
- Þrengsli á deild ógna öryggi.

Atvik tengd flutningi sjúklings

- Frestun aðgerðar sem hefur afleiðingar fyrir sjúkling, metist og skráist af sérfræðilækni.

Atvik tengd lyfjameðferð

- Rangt lyf, blöndun eða skammtur lyfs.
- Ofnæmisviðbrögð.

Annars konar atvik

- Þrýstingssár eða breytingar á húð.
- Brot eða mistök í talningu, eitthvað verður eftir í sjúklingi.
- Hvað annað sem ekki fellur undir ofangreint og starfsfólki finnst hæfa og telur að ekki sé æskilegt að annar sjúklingur lendi í.



LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS